

Kat ehf kt. 700600-3350 sækir hér með um lóðina Hafnargata 1 í Hafnarfirði undir ca 800 fermetra iðnaðarhúsnæði fyrir starfsemi Löndunar ehf kt. 441090-1109 og Fiskmarkaðs Norðurlands ehf kt. 530594-2979.

Fyrirhugað er að byggja ca 800 fermetra iðnaðarhúsnæði sem hýst gæti ofangreinda starfsemi. Áætlað er að skipting húsnæðis verði:

Löndun	500 fermetrar
FMN	300 fermetrar

Löndun ehf hefur búið við aðstöðuleysi í Hafnarfirði og hefur verið að geyma áhöld og tæki í ófullnægjandi aðstöðu. Í nýju húsnæði er gert ráð fyrir 500 fermetra aðstöðu fyrir tækjageymslu, karaviðgerðir, viðhaldsaðstöðu og starfsmannaaðstöðu.

Í suðurenda húsnæðis, ca 300 fermetrar, er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir Fiskmarkað Norðurlands (FMN). Þar er gert ráð fyrir almennri fiskmarkaðsþjónustu, ísframleiðslu og aðstöðu fyrir karabvott.

Kat ehf hefur gert samkomulag við eigendur Vörubretta ehf kt. 531289-1619 um kaup á öllu hlutafé Vörubretta en það félag á fasteignina Óseyrarbraut 6.

Ofangreind félög tengjast öll í gegn um sömu eigendur og munu vinna náið saman um að efla Hafnarfjarðarhöfn sem góðan valkost þegar kemur að þjónustu við sjávarútveginn.

Fyrirhugað er að byrja framkvæmdir sem fyrst þannig að reisa megi húsið fyrir veturinn. Landstólpi ehf hefur tekið að sér verkefnið ef samningar nást um lóðina.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður í síma 840 7907 eða [oskar@mark.is](mailto:oskar@mark.is)

Hafnarfjörður 14.maí 2021  
F.h. Kat ehf

  
Óskar Óskarsson